

Álver og sjávarútvegur


Auglýsingar álvera að undanfögnu hafa vakið athygli. Þær eru vafalaust góð búbot fyrir auglýsingamiðla og auka um leið hag þjóðarinnar af þessari atvinnustarfsemi. Þörf á að upplýsa þjóðina um ágæti álvera er vafalítið komin til vegna umfjöllunar nýlega um aðgerðir þeirra til að komast hjá skattgreiðslum. Kostnaðurinn er líklega þess virði að hreinsa kusið af hvítflibbanum. Líklega hefur iðjuverunum yfirsést önnur leið að þessu marki. Samkvæmt lögum og evrópskum reglum ber fyrirtækjum að gera opinbera ársreikninga sína. Smáfyrirtæki mega að vísu skila inn samþjöppuðum ársreikningum en stórum fyrirtækjum ber að skila þeim óstyttum. Ósagt skal látið hvort það er af lítillæti að áliðjuverin á Íslandi skila öll inn ársreikningum á formi sem myndi vera hverjum meðaltrillukarli til sóma.

Þótt ársreikningarnir séu ekki beysnir gefa þeir samt nokkrar upplýsingar um rekstur og afkomu álvera eins og fram kom í Kastljósi RÚV á dögunum. Talsmenn áliðnaðar hafa stundum borið hann saman við sjávarútveg og látið sem efnahagsleg þýðing þessara atvinnugreina væri áþekk og m.a. bent á að útflutningsverðmæti beggja greinanna væri svipað eða nálægt 250 milljörðum króna ef miðað er við árið 2011. Ástæða er til að skoða þennan samanburð nánar.

Útflutningsverðmæti segir í reynd ekki allt því taka þarf tillit til innflutnings, kostnaðar við framleiðsluna og síðast en ekki síst hvert ávinningur af starfseminni rennur. Hagfræðin hefur töl til að greina þetta. Lykilhugtak í því efni er virðisauki. Virðisauki er söluandvirði vöru eftir að frá því hefur verið dreginn öll aðföng önnur en vinna og fjármagn. Hann er því samtala allra tekna af starfseminni, launa og tekna af fjármagni svo sem vaxta, og rekstrarhagnaðar og rentu þegar henni er til að dreifa.

Til að bera saman álverin og sjávarútveg eru sýnd nokkur línurit hér á eftir. Upplýsingar um álverin eru fengnar úr birtum ársreikningum þeirra og tölur fyrir sjávarútveg eru byggðar eru á skýrslu Hagstofu Íslands um afkomu hans.


Fyrsta línuritið sýnir hvernig heildarsölutekjur skiptast í fjóra meginþætti, rekstrarkostnað annan en laun og fjármagnskostnað, laun og launatengdar greiðslur, framlegð til eigenda fjármagns, og að lokum framlag til auðlindarinnar. Auðsætt er hve ólík þessi skipting er. Rekstrarkostnaður án launa tekur til sín stærsta hluta af sölutekjum álveranna á meðan laun eru stór hluti hjá sjávarútveginum. Eftirtektarvert er að hlutur auðlindarentunnar er vart merkanlegur í áliðnaðinum og lítill í sjávarútvegi enda eru þessar tölur frá 2011 þ.e. áður en veiðigjöld voru tekin upp.



Síðari myndin sýnir virðisaukann, þ.e. tekjurnar sem standa eftir þegar rekstrarkostnaður annan en laun og fjármagnskostnaður hefur verið greiddur. Sýnir hún vel hve mikill munur er á


verðmæta- og tekjusköpun í áliðnaði og sjávarútvegi. Virðisauki í áliðnaði var tæpir 65 milljarðar en yfir 160 milljarðar í sjávarútvegi. Hlutdeild áliðnaðar í VLF tæp 4% en rúm 10% í sjávarútvegi.

Skipting virðisaukans á framleiðslubættina, þ.e. vinnu, fjármagn og náttúruauðlind er einnig fróðleg og er sýnd á næstu tveimur myndum.



Í sjávarútvegi skiptist virðisaukinn að jöfnu á milli framlegðar til eigenda og launa sjómanna, launa við vinnslu o.s.fr. að meðtöldum launatengdum gjöldum, tryggingagjaldi o.fl. Í áliðnaði er hluti launa innan við fjórðungur en hluti fjármagns um 3/4. Heildarfjárfesting í sjávarútvegi er þó líklega ekki minni en í áliðnaðinum.

Þessi skipting og virðisaukinn sem hlutfall af VLF skiptir ekki öllu máli. Mikilvægt er líka hvort virðisaukinn rennur til innlendra aðila eða erlendra. Við njótum ekki þeirra tekna sem eigendur álveranna hafa og notum þær ekki til að greiða skuldir þjóðarþúsins eða ríkisins og gjaldeyristekjur álveranna umfram innlendan kostnað þeirra léttir ekki gjaldeyrisstöðuna. Síðustu myndirnar sýna hvernig virðisaukinn skiptist eftir því hvort hann lendir hjá innlendum aðilum eða erlendum.



Virðisauki í sjávarútvegi lendir nær allur hjá innlendum aðilum, launþegum, eigendum útgerða og vinnslu, innlendum lánveitendum og ríkinu. Aðeins lítill hluti eða 4% renna til erlendra aðila, sem miðast við að um helmingur af vaxtagreiðslum sjávarútvegs sé greiddur erlendum lánveitendum. Hlutdeild erlendra aðila í virðisauka af álframleiðslu er yfir 70% en innlendir aðilar fá tæp 30 % sem eru laun og skattar til ríkisins.

Í stað þess að miða efnahagsleg áhrif atvinnustarfsemi í eigu erlendra aðila við hlutdeild hennar í VLF er eðlilegra að miða hana við verga þjóðarframleiðslu þar sem litið væri á áliðjuverin

sem erlendan aðila. Hlutdeild sjávarútvegs í þannig reiknaðri VÞF yrði tæp 10 % en hlutdeild álveranna verður aðeins um 1,2%. Sú hlutdeild byggist að mestu á launaþætti starfseminnar sem er þó lítill. Hlutdeild álveranna í íslenskum vinnumarkaði hvort sem litið er á fjölda starfsmanna eða launagreiðslur er innan við 2% og innan við fimmtungur þess sem er í sjávarútvegi.

Þýðing áliðnaðar fyrir íslenskt efnahagslíf er einungis brot af þýðingu sjávarútvegs hvort sem litið er á framlag til þjóðarframleiðslu eða á vinnumarkað. Álverin nota um 75% af þeirri raforku sem framleidd er í landinu en leggja innan við 2% að mörkum hvort sem litið er á þjóðartekjur eða atvinnusköpun. Það er fásinna að halda því fram að unnt sé að byggja upp atvinnustarfsemi í landinu með fleiri álverum.